



5. fundur skólanefndar FG á skólaárinu 2015 - 2016 haldinn fimmtudaginn 10. mars 2016 kl.12:00.

Mætt voru: Kristinn Þorsteinsson skólameistari, Steinþór Einarsson formaður, Áslaug Hulda Jónsdóttir varaformaður, Þorkell Máni Pétursson og Þórunn Sveinbjarnardóttir. Sigrún Gísladóttir boðaði forföll. Fundinn sátu einnig Aðalbjörg Helgadóttir fulltrúi kennara, Páll Marís Pálsson fulltrúi nemenda, Sigrún Edda Eðvarðsdóttir fulltrúi foreldraráðs og Elísabet Siemsen aðstoðarskólameistari.

1. Kynning á tölvukosti skólans

Guðmundur Ásgeir Eiríksson netstjóri kynnti tölvukost skólans. Hann fór yfir kerfið, fjölda tölva, prentmöguleika o.fl. Í máli hans kom fram að í skólanum eru 25 þráðlausir sendar, vírusvarnir eru miðlægar. Nemendur geta fengið Office pakkann frítt í tölvurnar sínar svo lengi sem þeir eru við nám í skólanum. Öryggiskerfi skólans er frá Securitas. Því er stjórnað af netstjóra en viðhald o.fl. er á hendi Securitas. Myndavélakerfið er orðið gamalt og úrelt að vissu leyti. Endurnýjun á slíku kerfi kostar mikið. Skólameistari benti á að ekki er áhugi á að fjölga öryggismyndavélum.

Í máli fulltrúa kennara kom fram að það væri brugðist vel við þegar og ef vandamál koma upp. Skólameistari benti á að meira af kerfinu er nú útvistað og hefur netstjóri því meiri tíma til að aðstoða kennara en áður. Í máli fulltrúa nemenda kom fram að þráðlausa netið detti stundum út vegna álags, hins vegar sé staðan hér í skólanum eins og hún gerist best í framhaldsskólum.

Fjórar verkefnastofur ná að uppfylla óskir kennara um aðgengi að tölum, en algengt er að áföngum sé skipt á milli verkefnastofa og almennra kennslustofa. Í hverri kennslustofu er tölva, skjávarpi og í allmörgum stofum er hljóðkerfi. Allt þetta stuðlar að þeirri þróun að kennsla fari meira í átt til verkefnamiðaðs náms.

Símnotkun er mjög almenn meðal nemenda. Skoða þarf hvort símnotkun er orðin vandamál. Ekki má gleyma því að í allmörgum kennslustundum nota nemendur snjallsímana í stað tölva.

Formaður skólanefndar sagðist ánægður með stöðu mála.

2. Fjármál skólans

Rekstraryfirlit fyrstu tveggja mánaða ársins 2016 var skoðað. Formaður skólanefndar finnst sorglegt að launahækkanir virðast ekki skila sér að fullu til skólans og að rekstrarafgangur síðasta árs fari beint í áætlað tap á þessu ári. Hér er ekki verið að eyða um efni fram og mikið aðhald sýnt í fjármálum. Alltof lítið verði eftir til efniskaupa.

Skólameistari benti skólanefndarmönnum á að af ríkisframlagi fara 92% í laun. Sé miðað við heildartekjur taka launin 85%. Staða fjármála er ekki slæm hér miðað við aðra framhaldsskóla hins vegar er umhugsunarefni hve launin eru hátt hlutfall þess fjár sem skólar hafa úr að spila.



3. Innritun fyrir haustönn 2016

Ekki eru lagðar til breytingar á þeirri stefnu sem gilt hafa um innritun. Skólanefnd fagnar því hvernig staðið hefur verið að innritunarmálum í skólanum.

4. Önnur mál

Hugmynd að nýjungum í kennslu og námsmati voru rædd. Námsmat hefur almennt breyst mjög síðustu ár, m.a. er tekið mið af ástundun nemenda svo og vinnu þeirra yfir önnina. Kennarar eru hvattir til fjölbreytts námsmats. Hins vegar eru nemendur oft íhaldssamari þegar kemur að breytingu á námsmati.

Rætt var um innkaup skólans og hvort farið væri eftir samningum Ríkiskaupa. Í máli skólameistara kom fram að reynt væri að miða við rammamning og ætíð leitað ódýrustu leiða.

Fulltrúi foreldraráðs ræddi um foreldrafund sem haldinn var í síðasta mánuði. Vel var mætt og er þetta góður vettvangur fyrir foreldra að ræða saman. Áhugi er fyrir því að halda foreldrafund sem fyrst um 3ja ára námið.

Fundi slitið kl. 13:05.

Elísabet Siemsen aðstoðarskólameistari ritaði fundargerð.